

**84. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
26. júní 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varafirmaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1805199 - Teigasel - fyrirkomulag skipulagsdaga**

Erindi frá leikskólanum Teigaseli til skóla- og frístundaráðs vegna skipulagsdaga skólaárið 2018 - 2019.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu leikskólastjóra Teigasels.*

**2. 1806004 - Vallarsel - fyrirkomulag skipulagsdaga**

Erindi frá leikskólanum Vallarseli til skóla- og frístundaráðs vegna skipulagsdaga skólaárið 2018 - 2019.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu leikskólastjóra Vallarsels.*

**3. 1806041 - Leikjanámskeið - samstarf vegna barns með fötlunargreiningu**

Beiðni frá Hvalfjarðarsveit um þátttöku barns í leikjanámskeiðum Þorpsins sumarið 2018.

*Erindið lagt fram til kynningar.*

**4. 1802385 - Þjónustuþörf nemenda**

Fjármagnsbeiðni frá Brekkubæjarskóla vegna skólabjónustu.

*Erindinu vísað í bæjarráð.*

**5. 1806040 - Sundfélak Akraness - umsókn um ferðastyrk**

Erindi frá Sundfélagi Akraness - Beiðni um ferðastyrk vegna þjálfunar í 50 m laug.

*Skóla- og frístundaráð fagnar þeim árangri sem iðkendur Sundfélags Akraness eru að ná.*

*Skóla- og frístundaráð beinir ósk sundfélagsins til umræðu sem er í gangi í tengslum við fjárhagsstuðning Akraneskaupstaðar við ÍA og stefnumótunar í samskiptum Akraneskaupstaðar og íþróttafélaga.*

*Jafnframt er bent á styrkjasjóð Akraneskaupstaðar til menningar- og íþróttamála. Auglýst er eftir umsóknum síðar á árinu.*

**6. 1805212 - Evrópumót í snóker í Rúmeníu - styrkbeiðni**

Umsókn um styrk vegna Evrópumóts í snóker.

*Skóla- og frístundaráð fagnar ferð umsækjanda á Evrópumót í snóker.*

*Umsækjanda er bent á styrkjasjóð menningar- og íþróttamála sem auglýstur er síðar á árinu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00**

Bára Daðadóttir  
Sandra M. Sigurjónsd.  
Ragnar B. Sæmundur  
Valgerður Janusdóttir  
16  
Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir